

Fundargerð 462. fundar Framkvæmdanefndar búvörusamninga haldinn 16. ágúst 2023 kl. 13:00. Fjarfundur í Teams.

Þessir tóku þátt í fundinum:

Sigurður Eyþórsson, formaður nefndarinnar og sérfræðingur á skrifstofu landbúnaðar í matvælaráðuneytinu (MAR), Bryndís Eiríksdóttir, nefndarmaður og sérfræðingur á skrifstofu landbúnaðar í MAR, Rafn Bergsson, nefndarmaður og formaður deildar nautgripabænda innan BÍ, Ásta Fönn Flosadóttir, varamaður Trausta Hjálmarssonar, formanns deildar sauðfjárbænda innan BÍ, Herdís Magna Gunnarsdóttir, nefndarmaður og varaformaður BÍ, Hrefna Rós Matthíasdóttir nefndarmaður og sérfræðingur í fjármálaráðuneytinu. Fundinn sat einnig Vigdís Häsler, framkvæmdastjóri BÍ. Fundargerð ritaði Kristín Sigfúsdóttir, stjórnarráðsfulltrúi MAR.

Þetta var gert:

1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð 461 lögð fram til kynningar en hefur þegar verið samþykkt af nefndinni og birt á vef matvælaráðuneytisins.

Lagt fram til kynningar svarbréf nefndarinnar til Lögmannsstofu Ólafs Björnssonar, vegna erindis Berustaða ehf. um umframmjólk. Erindið var afgreitt rafrænt í nefndinni í maí sl.

2. Ráðstöfun fjármuna til framleiðslujafnvægis í nautgriparækt 2023.

Erindi frá Bændasamtök Íslands er varðar nautgripasamning. Lagt er til að ráðstafa 125.369.650 kr. fyrir árið 2023 í fjögur verkefni.

- Erfðamengisúrval í íslenskri nautgriparækt, kr. 53.000.000 (afgreitt í apríl fundargerð 461.)
- Til NBÍ ehf. vegna kaupa á holdanautasæði af NautÍs ehf. kr. 7.000.000.
- Viðbót við þróunarfé nautgriparæktar vegna ársins 2024, kr. 30.000.000.
- Viðbót við sláturálag á nautakjöt árið 2023 kr. 35.396.650.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

3. Framlenging ákvæðis um hámarksverð greiðslumarks.

Erindi frá Bændasamtökum Íslands. Lagt er til að hámarksverð á markaði greiðslumarks mjólkur verði áfram þrefalt afurðastöðvarverð og gilda út samningstíma um starfsskilyrði nautgriparæktar þ.e. til ársloka 2026.

Nefndin samþykkti samhljóða að gera tillögu til ráðherra um breytingu á reglugerð í samræmi við erindið

4. Starfsreglur framkvæmdanefndar búvörusamninga.

Farið yfir tillögur að breytingum sem lagðar voru fram í apríl sl. en um er að ræða breytingar frá upphaflegum reglum frá 2018.

Breytingarnar voru samþykktar samhljóða eins og þær lágu fyrir.

Annað ekki tekið fyrir og fundi slitið um kl. 13:14.